

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar um veiðar og stofnstærð kolmunna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig hefur stofnstærð kolmunna þróast frá 2000?*
2. *Hvað var mælt með að mikið yrði veitt á fyrrgreindu tímabili, ár fyrir ár?*
3. *Hversu mikið var í heildina veitt á hverju þessara ára?*

Leitað var til Hafrannsóknastofnunarinnar um svar við fyrirspurninni og fylgir hér svar hennar.

Stofnstærð komunna og afli.

Tölur um afla og stofnstærð eru í millj. tonna.

Ár	Hrygningarstofn	Áætlaður afli miðað við ráðgjöf	Afli
2000	3.562	0.800	1.412
2001	4.005	0.628	1.772
2002	4.881	¹	1.556
2003	5.730	0.600	2.365
2004	5.113	0.925	2.420
2005	5.000	1.075	2.571 ²

¹ ICES samþykkti að enginn tillaga yrði lögð fram um ráðlagðan heildarafla fyrr en samningar hefðu tekist um nýtingu kolmunnastofnsins.

² Aflatölur miðaðar við síðustu tölur í október 2005.